

Fundur NOS

haldinn í Þingborg miðvikudaginn 13.október 2021 kl. 14:00

Mætt: Aldís Hafsteinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Ingibjörg Harðardótti, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Helgi Kjartansson, Árni Eiríksson, Eydís Indriðadóttir, Gestur Þór Kristjánsson, Sylvía Karen Heimisdóttir og Björgvin Skafti Bjarnason. Einnig sat fundinn Melkorka Jónsdóttir, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna.

Dagskrá:

1. Aðalfundur.
2. Fjárhagsáætlun 2022
3. Forstöðumaður -SVÓT greining frá starfsmönnum
4. Starfsmannamál.
5. Önnur mál.

1. Aðalfundur.

Samþykkt að fresta áður ákveðnum aðalfundi til 2.nóv kl 13:00 og verður hann haldinn í Félagslundi í Flóahreppi.

Dagskrá aðalfundar er hefðbundin aðalfundarstörf.

2. Fjárhagsáætlun 2022.

Farið yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 og henni vísað til afgreiðslu á aðalfundi.

3. Forstöðumaður -SVÓT greining frá starfsmönnum.

Þann 6.okt hélt Skóla-og velferðarþjónustan starfsdag þar sem m.a. var farið yfir starfseminna og framtíðarsýn starfsmanna á þjónustunni. Forstöðumaður fór yfir niðurstöður greiningarinnar.

Samþykkt að vísa greiningu starfsmanna til vinnu við úttekt á þjónustunni sem nú er í vinnslu enda eru niðurstöður hennar gott innlegg í þá vinnu.

4. Starfsmannamál

Farið var yfir stöðu í starfsmannamálum hjá þjónustunni. Ekki hafa komið umsóknir í stöðu sálfræðings sem auglýst hefur verið síðustu vikur. Einn sálfræðingur til viðbótar hefur sagt upp störfum og mun hætta þann 30.nóv nk.

Verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks hefur óskað eftir launalausum leyfi frá 1.jan 2022 til 31. ágúst 2022. Stjórn samþykkir leyfið og er forstöðumanni falið að finna starfsmann í afleysingu.

Forstöðumaður kynnti hugmyndir að ráðningu hegðunarráðgjafa. Verkefnið er hugsað sem tilraunaverkefni til eins árs. Stjórn samþykkir að ráða í stöðu

hegðunarráðgjafa til eins árs og er gert ráð fyrir því í drögum að fjárhagsáætlun.

Forstöðumaður kynnti tillöguað bætt verið við 50-70% starfsmannahlutfall í stöðu ráðgjafa í málaflokki fatlaðs fólks. Stjórn samþykkir tillöguna og er gert ráð fyrir því í drögum að fjárhagsáætlun.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:45
Halldóra Hjörleifsdóttir, fundarritari